

8. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari skal færð sem tekjur í bókhaldi félagsins en ekki koma til lækkunar á gjaldfærðum kostnaði.

9. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 8. gr. laga nr. 43/1999 og öðlast þegar gildi. Að öðru leyti en kveðið er á um í reglugerð þessari og lögum nr. 43/1999 gilda ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. maí 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

REGLUGERÐ**um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996, fjallar um starfshætti úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, málsmeðferð nefndarinnar og álagningu málskotsgjalds vegna kærumála sem vísað er til hennar.

2. gr.

Hlutverk.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála tekur til úrskurðar að kröfu þess sem verulegra hagsmuna á að gæta úrskurði og ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar, hvort heldur sem kæra lítur að málsmeðferð eða efni hinnar kærðu ákvörðunar. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnýslustigi og verður ekki skotið til samgönguráðherra.

3. gr.

Skipulag daglegra starfa.

Formaður skipuleggur starf úrskurðarnefndarinnar og ákveður starfstöð nefndarinnar.

4. gr.

Kærufrestur.

Kæru skal beina til úrskurðarnefndar innan fjögurra vikna frá því kæranda varð kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Kæru sem berst eftir lok fjögurra vikna kærufrests skv. 8. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni.

Kærur vegna málsmeðferðar Póst- og fjarskiptastofnunar eiga almennt ekki að koma til meðferðar úrskurðarnefndar fyrr en úrskurður stofnunarinnar er fallinn. Beinist kæra að málshraða Póst- og fjarskiptastofnunar getur úrskurðarnefndin tekið mál til úrskurðar án undangengins úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Málskot til dómstóla hindrar ekki að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

5. gr.

Réttaráhrif kæru.

Kæra til úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar eða úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Úrskurðarnefnd er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnsýslulög.

6. gr.

Málsmeðferð kæru.

Kæra skal tekin fyrir á þeim stað og tíma sem formaður hefur boðað fund, flutningur mála fer fram þar sem nefndin ákveður.

Úrskurðarnefndin skal ákveða tímafresti sem tryggja hraða málsmeðferð kærumála. Hafi aðili máls ekki lagt fram gögn innan tilskilinna tímafresta má taka ákvörðun þó það sé til tjóns fyrir þann aðila.

Úrskurðarnefndin getur gefið öllum þeim er verulega hagsmuni hafa af niðurstöðu máls, kost á að tjá sig um efni máls.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því kæra berst henni en eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kæra kom fram.

7. gr.

Efni úrskurðar.

Úrskurðir skulu vera rökstuddir. Í þeim skal greina:

- a. hvenær mál var kært,
- b. nöfn aðila,
- c. kröfur aðila,
- d. stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því,
- e. helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á og
- f. niðurstöður nefndarinnar,
- g. úrskurðarorð.

Í úrskurði skal tekið fram í forsendum nefndarinnar að úrskurði hennar þurfi að bera undir dómstóla innan sex mánuða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar.

Álit minnihluta skulu útgefin samhliða álitu meirihluta nefndar.

Formaður ritar úrskurði eftir að nefndin hefur komist að niðurstöðu um úrskurðarorð.

Aðilum kærumáls skal kynnt niðurstaða úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál án tafar.

8. gr.

Ársskýrsla.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála skal skila árlegri skýrslu um starfsemi undangengins árs til samgönguráðherra í janúar ár hvert.

9. gr.

Afturköllun kæru.

Sá aðili sem kærir mál til úrskurðarnefndar getur afturkallað kæru sína hvenær sem er á meðan á málsmeðferð stendur.

10. gr.

Málskotsgjald.

Ásamt kæru til úrskurðarnefndarinnar skal senda samgönguráðuneytinu málskotsgjald í samræmi við lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er heimilt að kveða á um endurgreiðslu samgönguráðuneytisins á málsskotsgjaldi samkvæmt 1. mgr. enda sé í öllum meginatriðum fallist á kæru.

Greiði kærandi ekki málsskotsgjald innan frests sem nefndin getur sett skal vísa máli frá nefndinni og fellur þá krafa um málsskotsgjald niður.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 1999.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 379

25. maí 1999

REGLUGERÐ

um örorkumat.

1. gr.

Þeir sem metnir eru til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar eiga rétt á örorkulífeyri, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er að greiða þeim sem metnir eru til 50-74% örorku örorkustyrk, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Um önnur réttindi tengd örorku er nánar kveðið á í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

2. gr.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt staðli sem byggður er á læknisfræðilega viðurkenndum sjúkdómum eða fötlun, sjá fylgiskjal 1.

Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu, áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

3. gr.

Þegar umsókn um örorkulífeyri og fullnægjandi læknisvottorð hefur borist Tryggingastofnun ríkisins sendir stofnunin umsækjanda að jafnaði staðlaðan spurningalista. Örorkumat er unnið á grundvelli svara umsækjanda, læknisvottorðs og ef þurfa þykir læknisskoðunar hjá tryggingayfirlækni og öðrum gögnum sem tryggingayfirlæknir telur nauðsynlegt að afla.

4. gr.

Heimilt er að meta umsækjanda a.m.k. 75% öryrkja án þess að byggja á staðli, sbr. fylgiskjal 1, ef tryggingayfirlæknir telur sýnt af læknisvottorði eða öðrum gögnum að umsækjandi hafi hlotið örorku til langframa vegna læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar eða muni sannanlega hljóta slíka örorku.